

Sp.

98. Tillaga til þingsályktunar

[73. mál]

um löggæzlu á samkomum.

Flm.: Karl Kristjánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að taka til rækilegrar athugunar, hvað hægt er og nauðsynlegt að gera af hálfu hins opinbera til þess að halda uppi traustri reglu á mannamótum og samkomum í byggðarlögum, þar sem nú er annaðhvort ekki starfandi lögreglulið eða ófullnægjandi.

Greinargerð.

Á ýmsum stöðum í landinu, þar sem fjölmenni safnast til dvalar tíma úr ári til þess að stunda atvinnu eða veiðifloti kemur til hafnar og liggur inni sólarhringum saman, eins og oft vill verða á vertíðum — ekki sízt sildarvertíðum — eru heimamenn að vonum vanmegnugir að halda uppi aga og reglu. Skapast þar stundum ástand eins og staðirnir væru í hers höndum. Mannamót og samkomur, sem þá er stofnað til og fjölmennið kallar eftir, verða oft og tíðum agalitrar og valda jafnvel slysum.

Ríkisvaldið verður á slíkum stöðum að leggja sérstakt lið. Þetta hefur ríkisvaldið líka gert a. m. k. víða, en þó þykir á skorta, að fullnægjandi sé. Timarnir breytast ört og aldarandinn. Þessi málefni þarfnast áreiðanlega nýrrar athugunar.

Í sveitum landsins yfirleitt veldur það meiri og meiri vandræðum, að almennar skemmtisamkomur eru truflaðar af ölvuðum mönnum, sem gera óspektir og hlíta ekki mannasiðum. Venjulega eru þetta aðkomumenn úr þéttbýlinu, berserkir, sem finnst þeir vera í víking, svo að ekki sé verr um þá talað en efni standa til. Sveitir í námunda við kaupstaði og fjölmenn kauptún verða vitanlega mest fyrir slíkum heimsóknnum, og hafa ekki — eins og sakir standa — ráð á viðbúnaði til varnar og móttöku sem skyldi.

Fjölmennustu kaupstaðirnir hafa lögreglu, sem kalla má til, og hús til geymslu; — geta þar af leiðandi látið fjarlægja slíka menn eða halda þeim í skefjum.

Nú orðið eiga jafnvel afskekktar sveitir við þennan ófögnuð að etja. Flestar sveitir hafa í þessum efnum nóg með sig — og getur út af borið — þó að ekki bætist innrásir við. Samgöngutæki nútímans gera það að verkum, að menn komast nú á tveim klukkustundum þann áfanga, sem áður var dagleið eða meira. Og venjulega setja sízt fyrir sig vegalengdir á samkomur þeir menn, sem neyta áfengis óhóflega og eira engu.

Þetta er þess vegna vandamál alls dreifbýlisins, — hraðvaxandi þjóðfélagsvandi, sem ekki dugir annað en horfast í augu við og leita án tafar ráða gegn.